

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 396. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 3. desember 2025 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Tjaldstæði Snæfellsbæjar. Patrick Roloff mætir á fundinn og fer yfir starfið í sumar.
- 2) Fundargerð 362. fundar bæjarráðs, dags. 3. desember 2025. Lögð fram á fundinum.
- 3) Fundargerð 22. fundar öldungaráðs, dags. 24. nóvember 2025.
- 4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. nóvember 2025.
- 5) Fundargerð 104. fundar íþrótta- og æskulýðsnefndar, dags. 24. nóvember 2025. ásamt reglum í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar og umgengnisreglum í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar.
- 6) Fundargerð 71. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 28. október 2025.
- 7) Fundargerð 198. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 13. október 2025.
- 8) Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 17. nóvember 2025.
- 9) Fundargerð 237. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 29. október 2025, ásamt minnisblaði um stöðu verkefna samkvæmt tillögu skýrslu „Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar“.
- 10) Fundargerð 986. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2025.
- 11) Fundargerð 989. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. nóvember 2025.
- 12) Fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 24. september 2025.
- 13) Bréf frá Ægi Ægissyni, dags. 18. nóvember 2025, varðandi úrsögn úr fræðslunefnd.
- 14) Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 24. nóvember 2025, varðandi ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Klífi vegna jólaballs þann 28. desember n.k.
- 15) Bréf frá Jóni Jóeli Einarssyni, dags. 13. nóvember 2025, varðandi minnisvarða um Jules Verne.
- 16) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2025, varðandi niðurstöðu stýrihóps um eignarhlut sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum.
- 17) Áskoranir og hvatningar frá þingi UMFÍ, dags. 13. nóvember 2025.
- 18) Bréf frá tæknideild Snæfellsbæjar, dags. 10. nóvember 2025, varðandi landnotkunarreiti F-1 og F-2 á Hellissandi. Starfsmenn tæknideildar og nefndarmenn í umhverfis- og skipulagsnefnd mæta á fundinn.
- 19) Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2025, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.
- 20) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2026. Lagðar fram á fundinum.
- 21) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2026. Seinni umræða. Lögð fram á fundinum.
- 22) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2027-2029.
- 23) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 1. desember 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 22 hjá Öldungaráði Snæfellsbæjar sem haldin var í Höllinni í Ólafsvík þriðjudaginn 24. Nóvember 2025 kl 14,00

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Margrét Vigfúsdóttir, Jón Guðmundsson varamaður sem mætti í forföllum Ragnheiðar Víglundsdóttur og Pétur Steinar Jóhannsson.

Gestir voru Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Ingveldur Eypórsdóttir

Ólafur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Mál 1: „Er gott að eldast“? Ingveldur var spurð um þetta verkefni sem er búið að vera í umræðunni frá fyrri hluta ársins 2024 og Öldungaráði var kynnt first vorið 2024 af Laufeyju Jónsdóttur frá SSV. Það kom fram hjá Ingveldi að það væri eitthvað óljóst hver ætti að leiða verkefnið á svæðinu. Það er komið lengst á Akranesi en þar er það HEV sem stýrir því. Önnur aðstaða er hjá öðrum byggðarlögum og fundarmenn ræddu þessi mál í framhaldinu. Ingveldur mun halda ráðinu upplýstu eftir því sem fram vindur.

Ingveldi var þökkuað fundarsetan og hún vék af fundi.

Mál 2: Hitunarkostnaður: Kristinn Jónasson sem er í Stjórn sveitarfélaga á köldum svæðum sagði frá fundum sem hann hefði sótt um þetta málefni sem lengi hefur verið í umræðunni. Hann skýrði vel frá því sem um hefður verið rætt en lítið gerst enn þá. Umræður urðu um málið og vonandi fer að koma betri tíð á þessum málum?

Mál 3: Niðurbrot Átthagastofunnar í Ólafsvík. Rætt var um niðurbrot Átthagastofunnar í Ólafsvík sem er fyrirhuguð og Kristinn spurður um hvað eigi að koma í staðinn. Hann sagði að byggt yrði húsnaði sem væntanlega verði leigt til eldri borgara í Snæfellsbæ líkt og er með byggingarnar fjórar við Engihlíð. Fundarmenn tóku vel í þessa útfærslu. Bentu á í framhaldinu að gott væri að hafa amk tvo eldri borgara með í húsbyggingarnefndinni sem skipuð yrði eins og gert var við fyrri hús þe við Engihlíð.

Kristni þökkuað fundarsetan og fyrir góð svör og hann vék svo af fundi

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,00.

Fundargerð ritaði

Pétur Steinar Jóhannsson

Fræðslunefndarfundur

25. nóvember kl. 17:00

Mæting: Margrét Sif Sævarsdóttir, Sigrún Erla Sveinsdóttir, Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, Jón Kristinn Ásbjörnsson, Kolbrún Pálsdóttir, Kristín Helga Guðjónsdóttir, Guðni Eiríkur Guðmundsson, V. Lilja Stefánsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Linda Rut Svansdóttir, Valentína og Gunnþór frá Ásgarði.

Á bæjarstjórnarfundinum 18. nóvember var samþykkt að fara í endurmat og uppfærslu á Menntastefnu Snæfellsbæjar og var því tekið vel á fundinum af öllum viðstöddum.

Gunnþór fór yfir nokkur atriði til að undirbúa stjórnendur skólanna fyrir endurmats felið sem byrjar eftir áramót.

Tónlistarskólinn:

Foreldrafélag skólans er virkt og duglegt að hjálpa til. Þau sjá um fjáraflanir, kaupa hljóðfæri, fara með nemendur í ferðalag o.fl.

Tónlistarskólinn kennir samkvæmt aðalnámskrá Tónlistarskóla en það þarf að bæta við starfsáætlun og skólanámskrá þegar ný menntastefna tekur gildi.

Næst á dagskrá:

- 15. desember - jólatónleikar yngri nemenda
- 16. desember - jólatónleikar eldri nemenda og fullorðina
- 17. desember - Litlu jólin á Jaðri
- 19. desember - Tónleikar á Lýsuhóli

Valentína spilar á litlu jölunum í Grunnskólanum í Ólafsvík

Nanna spilar á litlu jölunum á Hellissandi.

Grunnskólinn:

Búið er að kalla saman stjórn foreldrafélagsins og foreldra í bekkjarráðum einu sinni á haustönn og verður Piparkökudagurinn haldinn 29. desember sem þau sjá um.

Einnig sér foreldrafélagið um öskudaginn og fyrirlestra sem fengnir eru hingað fyrir nemendur og foreldra.

Lilja kom með tillögu að því að breyta tímasetningu á aðalfundi foreldrafélagsins og hafa hann að hausti í stað vori eins hefur verið. Í starfsáætlun er reiknað með að hann sé að hausti.

Nokkur umræða skapaðist um banka reikninga sem eru á kennitölu gamla Grunnskólans í Ólafsvík og bekkirnir eru að nota til að geyma pening í fjáröflunum. Það kom upp sú tillaga að reyna að finna einhverja sameiginlega reglu um fjáraflanir og notkun þessara reikninga þannig að allir bekkir væru að gera eins.

Skólaráðið kemur saman á fund 4. desember og þar eru skólastjórnendur, fulltrúar kennara, fulltrúar starfsfólks, fulltrúar nemendaráðs og allir hafa rödd.

Haldnir eru tveir slíkir fundir á ári.

Hæfniviðið er námsmat sem skólinn notar og eru það litakóðar um stöðu nemenda. Inga sálfræðingur á vegum félags- og skólaþjónustunnar er að koma inn í skólana og gera greiningar.

Staðan á innra matinu er í vinnslu.

Umbótaráætlunin er til og er í gildi næstu 4 árin.

Leikskólinn:

Breyting var gerð á foreldrafélaginu í haust þar sem boðað var til fundar og tillagan var að hafa eitt sameiginlegt foreldrafélag fyrir báðar starfsstöðvarnar og það var samþykkt.

Skipun í félagið er tveir frá Krílakoti, tveir frá Kríubóli og tveir óháðir starfstöð.

Foreldrafélagið hittist einu sinni á önn. Þau gefa gjafir á litlu jólnum, safna fyrir leiktækjum, fá til sín leiksýningar fyrir börnin og fleira. Í janúar hefst svo vinna í að skipuleggja foreldraráð.

Skólanámskráin er að verða tilbúin.

Starfsdagar leikskólans fara meðal annars í það að vinna í innra mati skólans og starfsfólkið tekur þátt í því.

Leikskólinn sendi frá sér könnun til foreldra og starfsfólks og niðurstöður komu vel út. Það verður svo farið í það að birta niðurstöður úr könnun foreldra en niðurstöður úr könnun starfsfólks verður tekin fyrir á starfsmannafundi. Þessar kannanir eru meðal annars hluti af innra mati skólans.

Anton sálfræðingur á vegum Félags- og skólaþjónustunnar kemur á leikskólann og gerir náms og þroskamát á nemendum.

Sérkennslustjóri sér um skimanir.

Allir nemendur á síðasta ári leikskólans fara í hljóm og fylgir þeim síðan upp í grunnskóla.

Á leikskólanum hefur hver og ein deild sína deildarnámskrá sem sýnir meðal annars dagskrá og skipulag vetrarins og uppfærð fyrir hvert skólaár .

Dagskrá næsta fundar Fræðslunefndar sem verður í janúar:

- Starfsþróunaráætlun
- Sérfræðipjónusta
- Nemendaverndarráð
- Farsæld barna
- Skóladagatal
- Staða innra mats
- Önnur mál

Fundi slitið kl. 18:00

Íþróttta- og Æskulýðsnefnd

104. fundur – 24.11.2025 kl.19:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Gylfi Freyr Karlsson

Margrét Vilhjálmsdóttir

Margrét Eva Einarsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Lagt var fyrir umgengnisreglur íþróttamannvirkja og uppfærslu á þeim reglum.
2. Lagt var fyrir húsreglur íþróttamannvirkja, þá íþróttahús Snæfellsbæjar.
3. Lesið var yfir uppfærðar reglur og farið yfir stafsetningu.
4. Reglur samþykktar af íþróttta- og æskulýðsnefnd sem verður lögð svo fyrir bæjarstjórn, og ef hún er samþykkt þar þá taka þær í gildi 01.01.2026
5. Reglurnar verða aðgengilegar á heimasíðu Snæfellsbæjar og einnig verður hengt upp plaggat í íþróttamannvirkjum og settar á upplýsingaskjái.

Annað:

Ánægja með æfingar hjá ungmennafélaginu og eru iðkendur mikið kurteisari og duglegri að ganga frá á æfingum. Þjálfarar eiga hrós skilið fyrir það.

Fundi slitið kl.19:30

Reglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar



Góð umgengni er okkar aðalsmerki

Við göngum öll þrífalega um og berum virðingu fyrir eignum Snæfellsbæjar og hvers annars. Við röðum skóm upp í hillu, göngum snyrtilega frá fatnaði inni í búningsklefum, notum viðeigandi skófatnað inni í íþróttasalnum, hendum rusli í ruslafötur og erum ekki með háreysti eða átök í búningsklefum.

Almennt

- Nemendur/iðkendur mega ekki fara inn í sal fyrr en kennari/þjálfari er kominn. Kennarar/þjálfarar skulu ekki víkja úr sal fyrr en allir eru farnir til búningsklefa.
- Tóbaksnotkun og notkun tyggigúmmís er stranglega bönnuð.
- Áfengisneysla inni í sundlaug og íþróttahúsi, og í kringum íþróttamannvirki er stranglega bönnuð.
- Öll neysla matvæla, sælgætis eða drykkja, annars en vatns, er bönnuð í íþróttasal og sundlaug.
- Ekki er tekin ábyrgð á munum sem ekki er komið í geymslu hjá starfsmanni.
- Innanhússkór eru eingöngu leyfilegir til notkunar í íþróttasalnum.

- Iðkendur mega ekki fara inn í íþróttasal eða sundlaug fyrr en kennari/þjálfari er mættur í salinn.
- Öll notkun farsíma og spjaldtölva er bönnuð í búningsklefum.
- Óheimilt er að taka upp myndir / myndbönd af æfingum nema með leyfi þjálfara/íþróttakennara.
- Þjálfari, í samstarfi við starfsmenn er ábyrgur fyrir því að sinn hópur gangi snyrtilega um íþróttasal og búningsklefa.
- Kennari/þjálfari er ábyrgur fyrir því að gengið sé vel og snyrtilega frá áhöldum á sama stað og þau voru tekin.
- Uppsetning auglýsinga er óheimil án samráðs við forstöðumann.
- Einn starfsmaður er á vakt í íþróttahúsi á kvöldin. Það er hlutverk þjálfara og iðkenda að færa dýnur, mörk o.fl. hugsanlega með aðstoð starfsmanns. Upphitun, teygjur og frágangur áhalda skal fara fram í æfingatíma iðkenda.
- Leigutakar/notendur verða að láta vita ef æfing fellur niður af einhverjum ástæðum. Senda skal upplýsingar um slíkt til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.
- Leigutakar/notendur skulu láta vita ef einhverjar breytingar eru á æfingum svo að starfsfólk geti gefið réttar upplýsingar til foreldra o.fl.
- Leigutakar/notendur þurfa að láta vita ef æfingaleikir/minni mót eru áætluð í mannvirkinu svo að hægt sé að undirbúa klefa og þríf fyrir slíkt ásamt því að veita réttar upplýsingar til þeirra sem spyrja.
- Forráðamaður íþróttamannvirkisins getur meinað hópi aðgang að íþróttaaðstöðu hafi ekki ábyrgur aðili stjórn hans með höndum, skv. 8. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum. Þjálfari þarf að vera 18 ára til að teljast ábyrgðarmaður.
- Þjálfari verður að fylgja öllum iðkendum og bera ábyrgð á þeim, skv. 9. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum.
- Starfsfólki hússins skal sýnd kurteisi og orðið við tilmælum þess og fyrirmælum.
- Sá sem brýtur þessar reglur og veldur skemmdum er meðvitaður um að hann sé ábyrgur og verði látinn bæta allt fjárhagslegt tjón.
- Forstöðumaður er ábyrgur fyrir því að sá iðkandi/hópur sem brýtur reglur þessar ítrekað verði útilokaður frá æfingum/keppni í íþróttahúsinu til lengri eða skemmri tíma.

Slys og neyðartilvik

- Ef neyðartilvik koma upp er hægt að hringja í 112 úr síma í afgreiðslu.
- Ef hringt er á sjúkrabíl úr farsíma þarf að koma skilaboðum til starfsmanns íþróttahússins um að það hafi verið gert svo að hann geti vísað sjúkraflutningamönnum á réttan stað.
- Sjúkrakassinn er fyrir fyrstu hjálp.
- Mannvirkið útvegar ekki teip eða annan sjúkravarning nema í neyðartilvikum.
- Bannað er að ganga í sjúkrakassa til daglegra nota nema með leyfi starfsmanna.
- Hjartastuðtæki er staðsett í bæði íþróttahúsi og sundlaug.
- Allir starfsmenn íþróttamannvirkja hafa lokið skyndihjálparnámskeiði og aðstoða við slys og/eða neyðartilvik.
- Forsvarsmenn hópa skulu sjálfir vera með sjúkratösku.

Umgengnisreglur UMF. Víkings

- Vinsamlegast gangið vel um skrifstofuna.
- Ekki koma á takkaskóm inn á skrifstofuna.
- Ekki er í boði að geyma persónulega muni t.d. skó, fatnað o.fl. á skrifstofunni, þar sem það er ekki á ábyrgð starfsfólks ef það týnist.
- Ekki skilja bolla, glös, dósir eða flöskur eftir inni á skrifstofunni.
- Ekki er í boði að hafa uppáhellt kaffi á skrifstofunni.
- Munir á skrifstofunni eru í eigu íþróttafélagsins. Ekki gramsa í dótinu.
- Þjálfarar skulu vera í merktum klæðnaði í sal og úti á knattspyrnuvelli svo bæði foreldrar og starfsfólk viti hver stjórnar.

- Vinsamlegast hendið matarafgöngum og öðru rusli í ruslatunnu.
- Öll tóbaksnotkun og áfengisnotkun er stranglega bönnuð.
- Notkun á skrifstofunni er ekki heimil án leyfis íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, yfirþjálfara og framkvæmdastjóra.
- Virða vinnufrið og skrifstofan er fyrst og fremst vinnurými.

Kynnið ykkur almennar reglur íþróttáamavirkja og farið eftir þeim í einu og öllu.

Viðurlög við broti á reglum

- Munnleg ábending
- Skrifleg áminning.
- Flokkur/hópur útilokaður frá mannvirkinu í 1 viku.
- Flokkur/hópur útilokaður frá mannvirkinu í 1 mánuð.
- Félag útilokað frá mannvirkinu í 1 viku.
- Félag útilokað frá mannvirkinu í 1 mánuð.
- Flokkur útilokaður alveg frá mannvirkinu.
- Félag útilokað alveg frá mannvirkinu.



Umgengisreglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda þegar um skipulagt íþróttastarf, kappleiki og viðburði er að ræða í íþróttamannvirkjum snæfellsbæjar.

2. gr.

Umgengni

Notendur íþróttamannvirkja skulu ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skóm skal raða í skóhillu og útífatnað snyrtilega frammi. Fatnað skal raða snyrtilega í búningsklefum. Lökendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasal sem ætlaðir eru fyrir innanhúsnotkun, og einnig viðeigandi skófatnað þegar æft eða kept er á gervigrasvellinu.

Starfsfólk og notendur mannvirkjana skulu sýna hvert öðru tillitsemi og kurteisi.

3. gr.

Notkun vímuefna og tóbaks

Notkun áfengis, vímuefnis, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil bæði í og í kringum íþróttamannvirkin. Einstaklingur undir áhrifum er vísað úr húsi.

4. gr.

Neysla matvæla

Óheimilt er að neyta matvæla eða nota tyggigúmmí í íþróttasal á meðan íþróttæfingum standur.

5. gr.

Aldurstakmark í íþróttasal

Íðkendur er heimilt að æfa íþróttasal ef viðkomandi hefur náð 18 ára aldurstakmarki. Þegar leigt hefur verið fyrir afmæli eða aðra viðburði skal altlaf vera einstaklingur inn í sal sem hefur náð 18 ára aldri.

6. gr.

Búningsklegar

Myndataka í búningsklefum er bönnuð.

Það sem gestir hafa meðferðis er á þeirra ábyrgð ef því er ekki komið í geymslu hjá starfsfólki eða í læstum skáp.

7. gr.

Annað

Gæludýr eru ekki leyfð í íþróttamannvikjum Snæfellsbæjar.

Í leigutíma/sölutímum þarf að gefa upp nafn ábyrgðarmanni leigutaka og skrifa undir hjá starfsfólki í afgreiðslu leigusamnings. Sá ber ábyrgð að salurinn verði í góðu stanfi þegar hann er yfirgefinn.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 01. Janúar 2026

Samþykkt af íþrótt- og æskulýðanefnd Snæfellsbæjar x.xx. 2025

Samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar x.xx. 2025

Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

71. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn þriðjudaginn 28. október 2025, kl. 10:00 sem fjarfundur.

Mætt: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skoðunarskýrsla vegna úrtaksskoðunar HMS á raflögnum

Lagt fram bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um að faggilt skoðunarstofa á rafmagnssviði, í umboði stofnunarinnar, hefði lokið skoðun á raflögnum skólahúsnæðisins að Grundargötu 44, skv. slembiúrtaki, en eitt af hlutverkum HMS eru úttektir á raflögnum bygginga m.t.t. rafmagnsöryggis. Auk þess lögð fram meðfylgjandi skýrsla Frumherja um úrtaksskoðun neysluveitu, en skoðunin fór fram 25. sept. sl. á raflögnum hússins. Einnig tölvupóstur umsjónarmanns hússins dags. 2. okt. sl. um að lagfæringar muni fara fram.

Gerðar voru 3 athugasemdir í 1. flokki, 23 athugasemdir í 2. flokki og 10 athugasemdir í 3. flokki, sem eru alvarlegustu athugasemdirnar. Stjórn yfirfor skýrsluna og bréf HMS og leggur áherslu á tafarlaugar úrbætur, eins og HMS leggur fyrir, í bréfi sínu.

Stjórn samþykkir að ráðast í endurbætur skv. skýrslunni, í samráði við leigutaka. Stjórn óskar eftir upplýsingum um hvort lagfæringum á alvarlegustu frávikunum sé lokið, sbr. framangreindan tölvupóst. Fylgja þarf þessu vel eftir.

Samþykkt samhljóða.

2. Varmadælur

Lögð fram beiðni af hálfu FSN um að Jeratún ehf. láti setja upp varmadælur, til að bæta kyndingu í húsinu. Tilboð fylgdi frá Kælitækni hf. Stjórn óskar eftir fundi með stjórnendum FSN um erindið.

3. Blágrænar ofanvatnslausnir

Lögð fram tillaga Nönnu V. Harðardóttur, verkefnastjóra hjá Grundarfjarðarbæ, varðandi lóð FSN en þar eru drenvandamál og mikil bleyta í lóðinni norðanverðri, sem byrjað er að valda skemmdum á malbikaðri gangstétt við lóðina. Lagt er til að gerð verði jarðvegsprufa í lóðinni á þessum stað og leitast við að leysa vatnsvandamálin innan lóðar, eftir atvikum.

Nanna kom inn á fundinn undir þessum lið og útskýrði aðferðir við drenlausnir.

Stjórn ákveður að fylgja tillögu Nönnu varðandi drenlausnir, m.t.t. prufu á jarðvegi.

Samþykkt samhljóða.

4. Staða fjármála og sjóðsstreymi

Farið yfir greiðsluáætlun og lausafjárstöðu.


5. Heildarúttekt á ástandi hússins


Stjórn samþykkir að kanna möguleika á að fá heildarúttekt á ástandi hússins sem yrði þá grunnur
að viðhaldsáætlun til lengri tíma.


6. Önnur mál


Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:59.


Kristinn Jónasson


Sigríður R. Sævarsdóttir


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson


Björg Ágústsdóttir



198. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 13. október 2025 og hófst hann kl. 16.00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Bjarni Sigurbjörnsson, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Trausti Gylfason og Sigrún Ólafsdóttir.

Dagskrá

1. Ársskýrsla 2024

Ársskýrsla heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2024 var lögð fram.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til að sinna lóðahreinsunum, í samræmi við tillögu sem samþykkt var samhljóða á Aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags 26. mars 2025. Hann sé greiddur af sveitarfélögunum í sömu hlutföllum og samstarfskostnaður. Áætlaður kostnaður við ráðninguna og rekstur er 15 milljónir, þar af er launakostnaður 12,4 milljónir. *Samþykkt.*

3. Gjaldskrá 2026

Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2026. *Samþykkt.*

4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 4.1 Ice travel camping ehf. sækir um breytt starfsleyfi fyrir gististað á Móum Hvalfjarðarsveit. Breytingin er vegna aukins gestafjölda úr 29 í 41. Leyfið var upphaflega gefið út 18. júlí 2022 en breytt 14. ágúst 2025. Leyfið gildir til 18. júlí 2034.
- 4.2 Snorrastaðabúið slf. sækir um starfsleyfi vegna vatnsveitu vegna matvælaframleiðslu að kúabúinu Snorrastöðum í Borgarbyggð. Leyfið gefið út 20. ágúst 2035 og er gildistími ótímabundinn.
- 4.3 Selgarður ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað á Hítarneskoti í Borgarbyggð. Um er að ræða tvö frístundahús og gistihús fyrir samtals 18 gesti. Leyfið gefið var út 20. ágúst 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.4 Dugnaðarkonur ehf. sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi kaffihúss með vínveitingum á Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Heiti staðar er Kaffi Elja. Fjöldi gesta er skv. umsókn er 40 gestir. Leyfi gefið út 4. september 2025 og er gildistími ótímabundinn.
- 4.5 Snæfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir vatnsveitu við Gerðuberg (fyrir 500 til 1000 íbúa) fyrir Ólafsvík. Leyfi gefið út 4. september 2025 og er gildistími ótímabundinn.

- 4.6 Bjarmar ehf. sækir um starfsleyfi fyrir vélsmíða- og vélaviðgerða verkstæði á Kalmansvöllum 3 á Akranesi. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust. Leyfi var gefið út 4. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.7 Kumasi Máni Hodge-Carr sækir um starfsleyfi til framleiðslu fæðubótarefna. Framleiðslustaður er eldhúsið á Gil Guesthouse á Skriðulandi Dalabyggð. Leyfið var gefið út 22. apríl 2025 og er gildistími ótímabundinn.
- 4.8 N18 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir nýjan gististað á Gíslabæ á Hellnum, Snæfellsbæ. Heiti gististaðar er Peninsula Suites og fjöldi gesta eru 24. Um er að ræða átta hús sem taka hvert um sig þrjá gesti. Leyfi var gefið út 15. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.9 Gylfíkars slf. sækir um starfsleyfi fyrir nýjan gististað í frístundahúsi við Garðsbúð á Hellnum. Heiti gististaðar er Garðsbúð. Fjöldi gesta er samkvæmt umsókn 5 gestir. Starfsleyfi var gefið út 15. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 4.10 Sigurður Jóhannsson sækir um starfsleyfi fyrir nýjan gististað á Stóra-Kálfalæk 2 í Borgarbyggð í flokki II, stærra gistiheimili. Hámarksfjöldi gesta er 16 samkvæmt umsókn. Leyfi var gefið út 12. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.11 The Glass Suite ehf. sækir um starfsleyfi fyrir nýjan gististað á Ljárskógarströnd 17 í Dalabyggð. Heiti gististaðar er The Mirror Suite. Um er að ræða gistingu í fjórum litlum frístundahúsum með gistirými fyrir 8 gesti. Leyfi var gefið út 16. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.12 Landsnet hf. sækir um starfsleyfi fyrir endurnýjun launaflsvirkis á Klafastöðum, Grundartanga Hvalfjarðarsveit. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur og engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 16. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.13 Hoppland ehf. sækir um starfsleyfi fyrir skemmti- og þemagarð við höfnina á Bakkatúni 5 á Akranesi. Leyfið gildir einnig fyrir sölu á einföldum matvælum í lokuðum umbúðum á starfstöð Hopplands. Leyfi gefið út 22. september 2025 og gildir í 4 ár.
- 4.14 Lux VGM ehf. sækir um starfsleyfi fyrir snyrtistofu á Smiðjuvöllum 28 á Akranesi. Leyfi gefið út 30. september 2025 og gildir í 12 ár.
- 4.15 HD hf. sækir um starfsleyfi fyrir málmsmiðju og vélaverkstæði á Klafastaðavegi 12 á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins og engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 26. september 2025 og gildir í 12 ár.

Lagt fram

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Þróttur ehf. verktakar. Staðfesting skráningar fyrir niðurrifi mannvirkja vegna asbestslagna/heitavatnsrör frá Hafnará að Narfastöðum í Hvalfjarðarsveit. Tímabundin starfsemi til ársloka 2025. Númer umsóknar 583903.

- 2.2 Akraborg ehf. Norðurtanga 4, í Ólafsvík. Staðfesting skráningar fyrir vinnslu fisks og annara sjávarafurða. Númer umsóknar 580812.
- 2.3 Borgarverk ehf. verktakar. Staðfesting skráningar fyrir flutningi úrgangs vegna asbestslagna í landi Steðja í Borgarbyggð. Tímabundin starfsemi til lok árs 2025. Númer umsóknar 559564.

Lagt fram

3. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 3.1 Ice Travel camping ehf. sækir um breytt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II á Móum í Hvalfjarðarsveit. Breytingin er tilkomin vegna aukins gestafjölda með tilkomu nýrra gistirýma, úr 29 gestum í 41 gest. Heiti gististaðar er Móar guesthouse/cottages. Jákvæð umsögn 14. ágúst 2025.
- 3.2 Dugnaðarkonur ehf. sækir um leyfi fyrir starfsemi kaffihúss með vínveitingum í flokki II á Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Heiti staðar er Kaffi Elja. Fjöldi gesta er skv. umsókn er 40 gestir. Jákvæð umsögn send 4. september 2025.
- 3.3 N18 ehf. sækir um leyfi fyrir gististað í flokki II, 8 frístundahús, á Gíslabæ á Hellnum, Snæfellsbæ. Heiti gististaðar er Peninsula Suites og gestafjöldi samtals 24. Jákvæð umsögn send 15. september 2025.
- 3.4 Gylfíkars slf. sækir um leyfi fyrir nýjan gististað í frístundahúsi við Garðsbúð á Hellnum í flokki II. Heiti gististaðar er Garðsbúð. Fjöldi gesta er samkvæmt umsókn 5 gestir. Jákvæð umsögn send 15. september 2025.
- 3.5 Sigurður Jóhannsson sækir um leyfi fyrir nýjan gististað á Stóra-Kálfalæk 2 í Borgarbyggð í flokki II, stærra gistiheimili. Hámarksfjöldi gesta er 16 samkvæmt umsókn. Jákvæð umsókn send 12. september 2025.
- 3.6 The Glass Suite ehf. sækir um leyfi fyrir nýjan gististað, í flokki II, minna gistiheimili, á Ljárskógarströnd 17 í Dalabyggð. Heiti gististaðar er The Mirror Suite. Um er að ræða gistingu í fjórum litlum frístundahúsum með samtals gistirými fyrir 8 gesti. Jákvæð umsögn send 16. september 2025.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 3.7 Kvenfélag Þverárhlíðar sækir um tækifærisleyfi vegna dansleiks í samkomuhúsinu við Þverárrétt í Borgarbyggð 29. ágúst 2025. Jákvæð umsögn send 25. ágúst 2025.
- 3.8 Fjölbrautaskóli Vesturlands sækir um tækifærisleyfi fyrir nýnemadansleik 2. september 2025. Jákvæð umsögn send 27. ágúst 2025.
- 3.9 Bax ehf. sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Sviðaveislu Dalamanna á Dalahóтели Laugum 25. október n.k. Gestafjöldi er 250 gestir samkvæmt umsókn. Jákvæð umsögn send 3. október 2025.
- 3.10 Fjölbrautaskóli Vesturlands sækir um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik í Fjölbrautaskólanum 14. október n.k. Jákvæð umsögn send 3. október 2025.

Lagt fram

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akraneskaupstaður

- 4.1 Óveruleg breyting Aðalskipulags Akraness- Höfðasel. Mál nr.: 1095/2025. Umsögn skilað á skipulagsgátt 17. september 2025.
- 4.2 Höfðasel – Nýtt deiliskipulag. Mál nr.: 122/2025. Umsögn skilað á Skipulagsgátt 18. september 2025.

Borgarbyggð

- 4.3 Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037. Mál nr. 242/2023. Umsögn skilað á skipulagsgátt 26. ágúst 2025.

Sveitarfélagið Stykkishólmur

- 4.4 Hólar 5a, Helgafellsveit. – Breyting á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024. Mál nr. 651/2024. Umsögn send 28. ágúst 2025.
- 4.5 Hólar 5a, Helgafellssveit. – Tillaga að deiliskipulagi. Mál nr.: 652/2024. Umsögn skilað á Skipulagsgátt 28. ágúst 2025.

Snæfellsbær

- 4.6 Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031. Breytt landnotkun í Dalbrekku í Ólafsvík. Mál nr.:1200/2024. Umsögn skilað á Skipulagsgátt 15. september 2025.

Lagt fram.

5. Samþykkt sveitarfélaga

Lögð fram drög að samþykkt fráveitu í Kjósarhreppi.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við samþykktina.

6. Húsnæðisskoðun í Snæfellsbæ

Húsnæði var dæmt heilsuspillandi.
Málið var lagt fram á fundinum.

7. Bréf frá Lex lögmannstofu vegna reksturs bakarí

Bréfið Lex lögmannstofu dagsett 30. september 2025 verður lagt fram. Lögmannstofan telur að það sé hlutverk heilbrigðiseftirlits að tryggja að það sé lög verndað starfsheiti áður en starfsleyfi er afgreitt. Þetta hefur ekki verið litið á sem hlutverk eftirlitsins.
Lagt fram.

8. Bréf Líbra lögmanna um vatnsmál á Akranesi

Lagt fram bréf Líbra lögmanna dagsett 3. október 2025 og kynnt tillaga að svari heilbrigðiseftirlits.
Lagt fram.

9. Önnur mál

9.1 Upplýst að Sigríður Klara Árnadóttir hefur hætt við að ráða sig til starfa hjá heilbrigðiseftirlitinu og í stað hennar hefur Danil Krijanovskij næringarfræðingur og matvælafræðingur verið ráðinn i starfið og hefur hann hafið störf.

9.2 Breyting á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlitsins – staða mála kynnt.

Fundi slitið 17:12



199. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 17. nóvember 2025 og hófst hann kl. 16.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Trausti Gylfason og Sigrún Ólafsdóttir.

Skúli Hreinn boðaði forföll

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026

Lögð fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, breytingin felst í að hætt er við að ráða starfsmann til að sinna lóðahreinsunum og framlag sveitarfélaga milli ára í takt við verðlagsþróun.

Samþykkt

2. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 2.1 1214 sf. sækir um starfsleyfi fyrir fargufu/ sánahús á Jaðarbökkum. Starfsleyfið var gefið út 15. október 2025. Gildir til 14. september 2026 í samræmi við stöðuleyfi sveitarfélags.
- 2.2 Möns ehf., Brúarflöt 4 Akranesi sækir um starfsleyfi fyrir lítinn matarvagn JPP 37. (færanleg starfsemi). Starfsleyfi var gefið út 15. október 2025 og er ótímabundið.
- 2.3 N1 ehf. Dalveg 10-14 Kópavogi sækir um starfsleyfi fyrir ómannaðri bensínstöð að Elínarvegi 3. Starfsleyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 15. september til 14. október 2025, engar athugasemdir bárust. Starfsleyfi var gefið út 16. október 2025 og gildir í 12. ár.
- 2.4 Eigið fé ehf. Fossi Snæfellsbæ sækir um starfsleyfi fyrir lítinn matarmarkað á Breið Þróunarsetri Bárugötu 8-10 Akranesi. Starfsleyfið var gefið út 20. október 2025 og gildir til 25. október 2025.
- 2.5 Lucy's apartment Egilsgötu 6 Borgarnesi sækir um starfsleyfi fyrir lítinn gistað fyrir 3 gesti á sama stað. Starfsleyfið var gefið út 23. október 2025 og gildir í 12. ár.
- 2.6 Laugar ehf. Sundlaugarvegi 30A Reykjavík sækir um starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð á Jaðarsbökkum 1 Akranesi. Starfsleyfið var gefið út 27. október 2025 og gildir í 12. ár.
- 2.7 Sveitarfélagið Stykkishólmur sækir um endurnýja starfsleyfi fyrir Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla í Norska húsinu Hafnargötu 5 Stykkishólmi. Starfsleyfi var gefið út 23. október 2025 og gildir í 12 ár.

- 2.8 Borgarbyggð sækir um endurnýjað starfsleyfi fyrir Safnahúsi Borgarfjarðar Bjarnarbraut 4-6 Borgarnesi. Starfsleyfið var gefið út 28. október 2025 og gildir í 12 ár.
- 2.9 Snæfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir Tónlistarskóla Ólafsvíkur Hjarðartúni 4-6, Ólafsvík. Starfsleyfi var gefið út 23. október 2025 og gildir í 12. ár.
- 2.10 Ráðgjöf og rekstur slf. Miðvangi 77 Hafnarfirði sækir um starfsleyfi fyrir gististað fyrir 4 gesti að Stömpum 25 Kjósarhreppi. Starfsleyfi var gefið út 10. nóvember 2025 og gildir í 12. ár.
- 2.11 Hótel Glymur ehf. Hafnarstræti 90 Akureyri sækir um starfsleyfi fyrir gististað og matsölustað fyrir Hótel Glym Skólasetursvegi 3 Hvalfjarðarsveit.
- 2.12 Belgsholt ehf. Belgsholti Hvalfjarðarsveit sækir um endurnýjað starfsleyfi fyrir vatnsveitu vegna mjólkurframleiðslu. Leyfi gefið út 17. október 2025 og gildistími er ótímabundinn.
- 2.13 Akraneskaupsstaður/ Fjöliðjan sækir um starfsleyfi fyrir aðstöðu til umpökkunar á matvælu á Smiðjuvöllum 28 á Akranesi. Leyfi gefið út 14. nóvember 2025 og gildistími er ótímabundinn.
- 2.14 Thies ehf. Brautarseli 39 Reykjanesbæ, sækir um starfsleyfi fyrir gististað – minna gistiheimili- á Búlandshöfða við Grundarfjörð. Hámarksfjöldi gesta er 8. Starfsleyfi gefið út 14. nóvember 2025 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

3. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 3.1 Bifreiðaverkstæði Badda Akrakotsland tún Akranesi. Staðfest skráning fyrir bifreiða og vélaverkstæði. Umsóknarnúmer 594283.
- 3.2 Björgunarsveitin Brák Fitum 2 Borgarnesi. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu 29. nóvember 2025 á gömlum húsgrunni á Seleyri við Borgarfjarðarbrú, í jaðri Hafnarskógar. Umsóknarnúmer 600248.
- 3.3 Stoð og styrkur slf. Kjartansgötu 15 Borgarnesi. Staðfest skráning fyrir sjúkraþjálfun að Borgarbraut 57 Borgarnesi. Umsóknarnúmer 594880.
- 3.4 Mjólkursamsalan ehf. Búðardal. Staðfest skráning fyrir mjólkurvinnslu og ostagerð. Umsóknarnúmer 601994.
- 3.5 Grundarfjarðarbær. Staðfest skráning fyrir almennings snyrtingar við höfnina í Grundarfirði. Umsóknarnúmer 590022.

Lagt fram.

4. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 4.1 BV22 ehf. sækir um breytt leyfi til reksturs gististaðar á Pálstanga við Hvanneyri. Umsóknin snýr að breytingu á gististað án vínveitinga í flokki GII í gististað í flokki GIV, gististaður með vínveitingum. Fjöldi gesta er 12. Jákvæð umsögn send 12. nóvember 2025.

- 4.2 Ráðgjöf og rekstur slf. sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað fyrir 4 gesti að Stömpum 25 Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn send 10. nóvember 2025.
- 4.3 Hótel Glymur ehf. sækir um rekstrarleyfi fyrir gisti- og veitingastað á Hótel Glym Hvalfjarðarsveit. Fjöldi gesta í gistingu er 70 manns og 120 í mat. Jákvæð umsögn send 10. nóvember 2025.
- 4.4 Lucy´s apartments sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað á Egilsgötu 6 í Borgarnesi. Fjöldi gesta er 3. Jákvæð umsögn send 28. október 2025.
- 4.5 Thies ehf. sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-C, minna gistiheimili á Búlandshöfða við Grundarfjörð. Fjöldi gesta er 8. Jákvæð umsögn send 14. nóvember 2025.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir.

- 4.6 Knattspyrnufélag ÍA sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Árgangamóts og dansleiks í íþróttahúsinu Vesturgötu 8. nóvember 2025. Jákvæð umsögn send 31. október 2025.
- 4.7 Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna skemmtunar/ uppistands í Grímshúsi í Borgarnesi 14. nóvember 2025. Jákvæð umsögn send 12. nóvember 2025.
- 4.8 Ungmennafélagið Dagrenning sækir um tækifærisleyfi vegna Hagyrðingakvölds sem halda á í félagsheimilinu Brautartungu 15. nóvember 2025. Jákvæð umsögn send 12. nóvember 2025.
- 4.9 Húsráð félagsmiðstöðvarinnar Óðals í Borgarnesi sækir um tækifærisleyfi fyrir æskulýðsballi sem halda á í Hjálmakletti 27. nóvember 2025.
- 4.10 Fjölbautaskóli Vesturlands sækir um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik sem var í húsnæði skólans 6. nóvember s.l. Jákvæð umsögn send 28. október 2025.

Lagt fram.

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 5.1 Krumshólapartur 2. Lýsing deiliskipulags. Mál nr. : 492/2025.

Sveitarfélagið Stykkishólmur

- 5.2 Umsögn vegna breytingar á Aðalskipulagi – Agustsonreitur, Stykkishólmi (mál nr. 0048/2024)
- 5.3 Umsögn vegna tillögu nýju deiliskipulagi – Agustsonreitur, Stykkishólmi mál nr. 0049/2024
- 5.4 Umsögn vegna auglýstrar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002 2022- Athafnasvæði Kallhamars (A3), Hamraenda (A1) og Flugstöðvar (A4) (mál nr. 1027/2024).
- 5.5 Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Hamraenda-Athafnasvæði í Stykkishólmi. Mál nr. 1030/2025. Umsögn skilað 31. október 2025.

Grundarfjarðarbær

- 5.6 Umsögn um skipulagslýsingu – Rammahluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2019–2039 – Blágrænar ofanvatnslausnir og almenningsrými
- 5.7 Umsögn : Grundarfjarðarhöfn lýsing deiliskipulags. Mál nr. : 1420/2025.
- 5.8 Miðbæjarreitir í Grundarfirði. Mál: 1359/2025. Umsögn skilað 21. október 2025.

Hvalfjarðarsveit

- 5.9 Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar vegna lands Lækjar í Hafnarlandi – breyting úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði
- 5.10 Umsögn vegna skipulagslýsingar aðalskipulagsbreytingar í Hvalfjarðarsveit – skilmálabreytingar fyrir frístundabyggð, landbúnaðarland, skógræktar- og landgræðslusvæði og varúðarsvæði
- 5.11 Umsögn vegna aukinnar efnistöku við Litlu-Fellsöxl, Hvalfjarðarsveit- Matskyldufyrirspurn. Umsókn skilað 27. október 2025
- 5.12 Kross L198194 og Krossland Eystra L205470 Mál: 1362/2025. Umsögn skilað 27. október 2025.

Lagt fram.

6. Starfsleyfi til reksturs bakaríá skv. lögum um matvæli

Lagt fram afrit af svar bréfi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi dagsett 5. nóvember 2025 til LEX lögmannstofu vegna fyrirspurnar til heilbrigðiseftirlitssvæða dags 30. september 2025.

Málið var kynnt.

7. Vatnsmál á Akranesi – framhald fyrri samskipta

Lagt fram svarbréf heilbrigðiseftirlitsins dagsett 3. nóvember 2025 vegna fyrirspurnar Líbra lögmanns dagsett 17. október um vatnsmál á Akranesi.

Lagt fram.

8. Önnur mál

Upplýst um fund Atvinnuvega ráðherra með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlita 17. nóvember 2025 þar sem kynnt voru áform um að sameina Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagseftirlit skiptaverðs.

Fundi slitið 16.35



BREIÐAFJARÐARNEFND

237. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 29. október 2025, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir mætti á Teams.

Guðríður Þorvarðardóttir og Arnheiður Jónsdóttir mættu einnig á fundinn, þar sem fundartíminn hafði verið ákveðinn áður en ný Breiðafjarðarnefnd var skipuð.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

Fyrirkomulag 237. fundar

Ný nefnd var skipuð tveimur dögum fyrir fundinn og því var ákveðið að bjóða bæði fráfarandi Breiðafjarðarnefnd og nýjum nefndarmönnum að taka þátt í fundinum.

1. Fundargerð 236. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 236. fundar nefndarinnar, sem var haldinn í Stykkishólmi 19. ágúst 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur haft verkefnið Framtíð Breiðafjarðar að leiðarljósi í sínu starfi síðan 2019.

Nefndin og ráðherra áttu fund í apríl og júlí 2025 þar sem næstu skref verkefnisins voru rædd og hugað var að því hvernig hægt væri að vinna áfram að framtíðarlausnum fyrir skilvirkari vernd Breiðafjarðar.

Nefndin hefur í undirbúningi skýrslu til ráðherra þar sem lagðar verða fram tillögur Breiðafjarðarnefndar að næstu skrefum í verkefninu.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi uppfærð drög að skýrslu og gerði nokkrar breytingar á drögunum áður en þau verða lögð fyrir nýja Breiðafjarðarnefnd á fundi í nóvember.

3. Umsögn – Króksfjarðarnes í Reykhólahreppi



BREIÐAFJARÐARNEFND

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Reykhólahreppi vegna aðalskipulagsbreytinga í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkti drög að umsögn með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum. Starfsmanni nefndarinnar var falið að skila samþykktri umsögn í skipulagsgátt fyrir tilskilinn skilafrest.

4. Umsögn – Deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna deiliskipulags Grundarfjarðarhafnar.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkti drög að umsögn með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum. Starfsmanni nefndarinnar falið að skila samþykktri umsögn fyrir tilskilinn skilafrest.

5. Umsögn – Auglýst tillaga vegna skipulags við Kallhamar og Hamraenda í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna þriggja skipulagstillagna í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla:

Nefndin fjallaði um allar þrjá umsagnarbeiðnir í einni umsögn. Nefndin samþykkti drög að umsögn með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum.

6. Umsögn vegna deiliskipulags Framness austan við Nesveg í Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna deiliskipulags fyrir Framnes í Grundafirði.

Afgreiðsla:

Deiliskipulagið fyrir Framnes hefur áður verið til umsagnar hjá Breiðafjarðarnefnd. Nefndin rifjaði upp skipulagsferlið.

Nefndin fól starfsmanni að undirbúa drög að umsögn og vísaði málinu til næsta fundar.

7. Friðlandið Vatnsfjörður

Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland árið 1975 og er friðlandið um 20.000 ha að stærð. Friðlandið í Vatnsfirði og verndarsvæði Breiðafjarðar skarast að hluta. Meðal annars er tilgangur friðlýsingar Vatnsfjarðar, líkt og verndar Breiðafjarðar, er að vernda náttúru svæðisins.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Orkubú Vestfjarða hefur farið fram á að breyta reglum um friðlandið í Vatnsfirði vegna virkjunaráforma á svæðinu.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra vegna beiðni um að afnema friðun Vatnsfjarðar. Í svarinu kemur fram að lagaskilyrði til þess að breyta eða afnema friðlýsingu í Vatnsfirði séu ekki uppfyllt og friðlandinu verði því ekki breytt.

Hægt er að lesa tilkynningu ráðuneytisins [hér](#).

8. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 20. nóvember 2025, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

Minnisblað staða verkefna samkvæmt tillögum skýrslu

„Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar“

Minnisblað þetta er tekið saman til upplýsingar fyrir sveitarfélög við Breiðafjörð, Breiðafjarðarnefnd, stjórnir Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og aðra hagaðila. Markmið minnisblaðsins er til að upplýsa um stöðu verkefna sem tilgreind eru í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra frá júní 2024, um **Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar**, með undirtitlinum; *Skýrsla um greiningu á verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir á samfélag, byggð og atvinnulíf.*

Verkefnistillögur skiptast að mestu á milli félags- og húsnæðismálaráðuneytið og umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis og umfjöllun minnisblaðsins skipt hér upp á ráðuneytin og svo að lokum verkefni er ganga þvert á málaflokka eða eru málefni sveitarfélaga.

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti

Löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða (lög nr 88/2018) verði nýtt hið fyrsta við skipulag Breiðafjarðar.

Landsskipulagsstefna markar stefnu um gerð strandsvæðaskipulags og forgangsörðun skipulagsverkefna. Þingsályktun um Landsskipulagsstefnu til fimmtán ára (2024-2038) og aðgerðaáætlun til fimm ára (2024-2028) var samþykkt í lok maí 2024. Í framkvæmdaáætlun var samþykkt að hefja gerð strandsvæðaskipulags við Eyjafjörð og við Skjálfanda. Einnig var samþykkt að forgangsörðun nýrra verkefna myndi hefjast strax á árinu 2024 en í nefndarátliti við afgreiðslu á Alþingi, var vísað til umsagnar FV og SSV um nauðsyn þess að hefjast handa við gerð strandsvæðaskipulag í Breiðafirði og tekið undir mikilvægi að hefja vinnu við greiningu á forgangsörðun svæða.

Vegna stjórnarslita og kosninga til Alþingis haustið 2024 og í framhaldinu ákvörðun nýrrar ríkisstjórnar á tilflutningi skipulagsmála frá innviðaráðuneyti til félags og húsnæðismálaráðuneytis, þá varð frestun á framkvæmd verkefnaáætlunar Landsskipulagsstefnu er varðaði málefni strandsvæðaskipulags. Enn varð frestun þegar félags- og húsnæðismálaráðherra lagði á vorþingi 2025 fram frumvarp um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, en við samþykkt þess í lok maí var m.a. lögfest að hefja ætti gerð skipulagsvinnu við Eyjafjörð og við Skjálfanda. Í nefndarátliti við afgreiðslu frumvarpsins var fjallað um umsögn Fjórðungssambandsins (samin í samráði við SSV) við efni þess. Þar segir

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á það í umsögn sinni að hafin verði vinna við gerð strandsvæðisskipulags við Breiðafjörð, samhliða gerð strandsvæðisskipulags á Eyjafirði og á Skjálfanda. Meðal annars sé brýnt að leysa úr því hvar mörk verndarsvæðisins á Breiðafirði, sbr. lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, liggja vegna skörunar við ákvæði annarra lagabálka.

Nefndin tekur undir framangreind sjónarmið og beinir því til ráðuneytisins að slík vinna verði hafin sem fyrst.

Á grundvelli þessa nefndarálits sendi SSV og FV erindi til félags og húsnæðismálaráðuneytis þar í júní s.l., sem óskað er viðræðna við ráðuneytið hvernig hefja megi undirbúning að gerð strandsvæðsskipulags. Hefur ráðuneytið i munnlegu svari nú í september s.l. bent á að ráðuneytin setji forgang við framkvæmd verkefna í Eyjafirði og við Skjálfanda, en tekur undir að hefja eigi vinnu við undirbúning varðandi Breiðafjörð og boða FV og SSV á fund um málið á næstu vikum, en af þeim fundi hefur enn ekki orðið.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar verði hnitsett eða tekin verði af öll tvímæli um mörk verndarsvæðis með öðrum hætti.

Verkefni þetta skarast á við málavæðing félags- og húsnæðismálaráðuneytis, umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis, innviðaráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis.

Málið hefur ekki verið tekið upp með viðkomandi ráðuneytum. Benda má á ráðuneytin myndu eiga aðild að svæðisráði strandsvæðsskipulags Breiðafjarðar og þegar hreyfing kemst á undirbúning gerð strandsvæðsskipulags, þá mætti beina því til félags og húsnæðismálaráðuneytana að hafa forgöngu um að kalla saman væntanlega fulltrúa ráðuneytanna í svæðisráði að taka upp samtal um þessa afmörkun með sveitarfélögunum við Breiðafjörð.

Vakin er sérstök athygli á skörun við málefni umhverfis- orku og loftlagsráðuneytis er varða framkvæmd laga um verndun Breiðfjarðar, lög 54/1995 og starf Breiðafjarðarnefndar. Formaður Breiðafjarðarnefndar er skipaður af umhverfis-, orku og loftlagsráðherra og ráðuneytið fer einnig með mál Minjastofnunar Íslands sem skipar fulltrúa í nefndina auk fulltrúa náttúrustofa og sem og fulltrúar sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti

SSV og FV átti fund með fulltrúum ráðuneytisins í júní s.l. þar sem farið yfir stöðu og framgang þeirra aðgerða sem lagt var til að unnar yrðu í skýrslunni

Niðurstaða fundarins var að starfsmenn SSV og FV tækju saman stutt minnisblað yfir þau verkefni sem eru á höndum umhverfis, orku og loftlagsráðuneytisins þar sem kallað yrði eftir upplýsingum um aðkomu ráðuneytisins og fjárveitingar til þessara aðgerða. Efni þess minnisblaðs er hér kynnt óbreytt, því lítið hefur hreyfst í málum frá því í sumar, en er að einhverju leyti tvítekning í umfjöllun um verkefni í öðrum hluta þessa minnisblaðs.

Greina kosti og galla þess að skrá verndarsvæði Breiðfjarðar (eða hluta þess) á lista UNESCO, á Ramsar skrá og/eða gera Breiðfjörð að þjóðgarði.

Á íbúafundum sem haldnir voru í tengslu við verkefnið voru mjög skiptar skoðanir um þessa greiningu. Í umræðu innan stýrihóps verkefnisins kom fram að áhugavert væri að tengja þessa greiningu við vinnu við haf- og strandsvæðsskipulag sem lagt var til að ráðist yrði í.

Skipulagsmál eru nú á málavíði félags og húsnæðismálaráðuneytisins. Alþingi samþykkti í maí s.l. frumvarp ráðherra um breytingum á lögum (mál 147, 156. löggj.þing) um skipulag haf- og strandsvæða 18/2018. Í nefndaráliti við afgreiðslu málsins má segja að áréttuð séu markmið aðgerðar 10 í Landsskipulagsstefnu, að ráðuneytið hefji á árinu 2024 skoðun á nýjum strandsvæðum til skipulagsgerðar. En í nefndaráliti er tekið undir umsögn FV og SSV að mikilvægt sé að taka þar strandsvæði Breiðafjarðar til umræðu m.a. með tilliti til marka verndarsvæðis á Breiðafirði.

FV og SSV hafa átt samtal við félags- og húsnæðisráðuneytið um aðdraganda að gerð strandsvæðskipulags við Breiðafjörð. Í því samtali hefur ráðuneytið lýst vilja til að hefja skoðun á málinu innan ráðuneytisins með undirstofnunum þess nú í sumar. Verði samtalið tekið upp að nýju eftir miðjan ágúst n.k..

Samkvæmt lögum um haf og strandsvæðaskipulag með áorðnum breytingum, þá skipar ráðherra auk formanns, þrjá fulltrúa í svæðisráð strandsvæðaskipulag samkvæmt tilnefningum ráðherra sem fara með umhverfis-, orku-, ferða-, fjarskipta-, samgöngu- og sjávarútvegsmál. Viðkomandi ráðuneyti og undirstofnanir þeirra ber einnig að vera í samráði við setningu reglugerða og samráði og veita faglega ráðgjöf til svæðisráða við gerð og eftirfylgni strandsvæðskipulags.

FV og SSV vænta þess að félags og húsnæðismálaráðuneyti taki upp samtal við umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti um skoðun á gerð strandsvæðsskipulags við Breiðafjörð, óskað er eftir að ráðuneytið taki jákvætt í að slík skoðun hefjist hið fyrsta. Eins hvort ráðuneytið sé tilbúið að hefja greiningu á kostum og göllum á að formfesta aðgerðir og áætlanir er varðar verndun Breiðafjarðar ekki síst til að leggja fram sem gögn inn í væntanlega vinnu að gerð strandsvæðaskipulags við Breiðafjörð.

Rannsóknaráætlun um þolmörk vistkerfis Breiðafjarðar og vöktun lífríkis.

Aðilar verkefnisins voru sammála um að þörf væri á gleggri og ítarlegri upplýsingum um stöðu vistkerfis Breiðfjarðar og að greina þolmörk svæðisins svo unnt sé að stuðla að sjálfbærri nýtingu og sem lið í gagnaöflun og vinnu að gerð strandsvæðsskipulags við Breiðafjörð. Í þessu samhengi má líka minna á tilmæli fastanefndar Bernar samningsins þar sem m.a. er lögð áhersla á gerð vöktunaráætlunar fyrir Breiðafjörðin. Því var lagt til í skýrslunni að unnin yrði rannsóknaráætlun um þolmörk vistkerfisins og vöktun. Þessu til viðbótar var áréttað í yfirlýsingu Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 1. nóvember 2024 um fjölgun opinberra starfa á Vesturlandi að Náttúrufræðistofnun yrði falið að stýra vinnu við áðurnefnda áætlun.

Því óskum við upplýsinga frá umhverfis, orku og loftlagsráðuneytinu um hvað ráðuneytið hafi gert til þess að fylgja þessari aðgerð eftir og hvenær megi vænta þess að vinna við rannsóknaráætlunina hefjist.

Landvarsla verði eflað í þeim tilgangi að auka umsjón með og fræðslu um svæðið.

Í tengslum við fjölgun ferðamanna við Breiðafjörð er mikilvægt að fylgst verði með áhrifum þess á náttúru og samfélag, auk þess sem stýra þurfi aðgengi á ákveðin svæði. Þessi fjölgun ferðamanna ásamt hugmyndum sveitarfélaga um friðlýsingar og þjóðgarða kallar á aukna landvörslu á svæðinu. Í skýrslunni var því lagt til að skilgreint verði tilraunaverkefni í landvörslu við Breiðafjörð. Þetta verkefni var einnig áréttað í áðurnefndri yfirlýsingu Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 1. nóvember 2024 um fjölgun opinberra starfa á Vesturlandi.

Því óskum við upplýsinga frá umhverfis, orku og loftlagsráðuneytinu um hvað ráðuneytið hafi gert til þess að fylgja þessari aðgerð eftir og hvort undirbúningur sé hafin að tilraunaverkefninu.

Aukin fjárframlög til Breiðafjarðarnefndar

Loks var lagt til í skýrslunni að styrkja starf Breiðafjarðarnefndar með auknu framlagi. Það er afar mikilvægt að nefndin geti verið með starfsmann í 100% starfshlutfalli til þess að hún nái betur að sinna hlutverki sínu og líklegri vinnu nefndarinnar við gerð strandsvæðaskipulags við Breiðafjörð s.s. við vinnslu gagna og eftirfylgni með málavörðum er heyra undir nefndina.

Því óskum við upplýsinga frá umhverfis, orku og loftlagsráðuneytinu um hvað ráðuneytið hafi gert til þess að fylgja þessari aðgerð eftir og hvort ráðgert er á komandi ári að hækka framlög til Breiðafjarðarnefndar.

Viðbrögð ráðuneytis

Viðbrögð ráðuneytisins voru á þá leið að svara ekki efnislega þeim atriðum sem SSV og FV settu fram, heldur setur fram mikilvægi þess að sveitarfélög við Breiðafjörð myndi samstöðu um verndun Breiðafjarðar og vísar til álits Breiðafjarðarnefndar í þeim efnum. Nánar tiltekið,

Að mati ráðuneytisins er æskilegt er að umræddar aðgerðir haldist í hendur við áætlun um eflingu verndunar Breiðafjarðar sem byggir á sem bestri samstöðu samfélagsins við Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd sem er, skv. lögum um vernd Breiðafjarðar, ráðherra til ráðgjafar um svæðið, hefur lagt til ítrekað að lögin verði endurskoðuð til að efla verndun svæðisins og hefur einnig, ásamt stýrihópi um framtíð Breiðafjarðar, lagt til að annars konar verndarstaða sem styrkir verndun svæðisins verði skoðuð. Ráðuneytið telur því að samstaða sveitarfélaga við Breiðafjörð og heildstæð áætlun um styrkingu verndar sé forsenda fyrir ofangreindum aðgerðum.

SSV og FV hafa ekki brugðist við þessu svari ráðuneytisins en vísa efni þess til umræðu á fundi með sveitarfélögum við Breiðafjörð.

Önnur verkefni.

Sveitarfélög á svæðinu skapi sameiginlegan vettvang til samtals.

Sveitarfélög á svæðinu skapi sameiginlegan vettvang til samtals Sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa annars vegar tengsl í gegnum Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og svo Fjórðungssamband Vestfirðinga hins vegar. Árangursríkt gæti verið fyrir sveitarfélög við Breiðafjörð að koma saman reglulega og yfirfara almennt stöðu sína og álitamál gagnvart verndun og nýtingu Breiðafjarðar.

Slíkur samráðsvettvangur væri einnig virkur á meðan á vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag stendur, en starfar Svæðisráð skipað af fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem bera ábyrgð á gerð skipulagsins en Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráðs. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjarðastofa/Fjórðungssamband Vestfirðinga taki að sér að skapa slíkan vettvang í samstarfi við sveitarfélögin við Breiðafjörð.

Í kjölfar íbúafunda kom fram: Þau sem á annað borð tjáðu sig um þessa tillögu voru henni fylgjandi. Í því felst viðurkenning á mikilvægi sveitarfélaganna varðandi alla stefnumörkun um málefni Breiðafjarðar. Varpað var fram spurningu um hvort sveitarfélögin ættu að skipa kjörna fulltrúa fyrir sína hönd í Breiðafjarðarnefnd. Lagt er til að tillagan standi óbreytt og að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjarðastofa/Fjórðungssamband Vestfirðinga, taki að sér að skapa slíkan vettvang í samstarfi við sveitarfélögin við Breiðafjörð.”

Boðað hefur verið til fjarfundar hinna sex sveitarfélaga við Breiðafjörð þann 27. október n.k.. Í fundarboð er tilgreint að tilgangur fundarins sé annars vegar að ræða hlutverk þessa samstarfsvettvangs og hins vegar að ræða ýmis verkefni sem tengjast Breiðfirðinum. Hafa öll sveitarfélögin samþykkt fundarboðið.

Öflugar rannsóknir – rannsóknarstofnanir og þekkingarnet við Breiðafjörð.

Samfélög og atvinnulíf við Breiðafjörð byggja nýtingu á auðlindum fjarðarins. Til að tryggja sjálfbærni nýtingar þarf öflugar rannsóknir á lífríki og auðlindum og ekki síst þolmörkum lífríkis, samfélaga og atvinnlífs og miðla því til almennings og hagaðila.

Stykkishólmshætt fékk styrk frá menningar, nýsköpunar og háskólaráðuneytinu til þess að móta frekar fyrirhugaða starfsemi þekkingarnets Breiðafjarðar. Stykkishólmshætt réði Bjarna Jónsson til þess að vinna að verkefninu. Bjarni hefur átt samtöl við sveitarfélögin á svæðinu og kannað hug þeirra til verkefnisins, auk þess sem hann hefur fundað með ráðherra menningar, og nýsköpunar og háskóla. Þessi vinna er í gangi.

Borgarnesi og Ísafirði 14. október 2025

SSV – PBS / FV -AÓ

Fundargerð 986. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 10. október kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjálmar Sveinsson hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hans.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 985. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 985. fundar stjórnar Sambandsins frá 26. september 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2509128SA

Herdís Haraldsdóttir ráðgjafi frá Kveikju kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu við fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni sem byggja á tillögum í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Stjórn þakkar kærlega fyrir áhugavert og gagnlegt erindi. Jafnframt leggur stjórn til að málið verði tekið aftur fyrir á fundi stjórnar þegar vinnu er lokið í bakhópi.

Herdís fór af fundi kl. 09:00.

3. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2509436SA

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 50., 51. og 52. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 27. ágúst, 23. september og 8. október 2025.

4. Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - samþykktir - 2509493SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 23. september 2025, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjöllum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti endurskoðaðar samþykktir Brúar lífeyrissjóðs.

Nanný Arna Guðmundsdóttir vék af fundi kl. 9:25.

5. **Trúnaðarmál - 2509477SA**

Lagt fram sem trúnaðarmál bréf, dags. 19. september 2025.

Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

6. **Drög að umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum - 2509478SA**

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, mál nr. S-180/2025, sbr. bókun fundar stjórnar Sambandsins 26. september 2025.

Stjórn felur yfirlögfræðingi að lagfæra umsögnina m.v. umræður á fundinum og hafa bókun sbr. lið 7 til hliðsjónar.

7. **Áskorun frá sveitarfélögum - 2509478SA**

Lögð fram áskorun frá Flóahreppi, Langesbyggð, Fljótsdalshreppi, Grýtubakkahreppi, Skeiða og Gnúpverjahreppi, Árneshreppi, Tjörneshreppi, Svalbarðstrandahreppi, Kjósahreppi, Vopnafjarðahreppi, Grímsnes og Grafningshreppi, Ásahreppi, Skagatrönd, Súðavíkurreppi, Kaldrananeshreppi, Skaftárhreppi, Hrunamannahreppi, Hörgársveit og Reykhólahreppi mótt. 9. október 2025, þar sem skorað er á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Stjórn Sambandsins þakkar erindið og lýsir fullum skilningi á því að ekki ríki einhugur innan sveitarstjórnarstigsins um framangreind mál. Stjórnin leggur þó ríka áherslu á að öll sveitarfélög láti í ljós afstöðu sína og skili inn umsögn um málið.

Stjórn Sambandsins telur mikilvægt að ráðherra hlusti á rök sveitarfélaganna er snerta boðaðar breytingar varðandi sameiningar sveitarfélaga og um leið sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Hlutverk Sambandsins er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og tekur undir með sveitarfélögunum að hlusta verði á vilja íbúa þeirra.

8. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn - 2510011SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 7. október 2025, um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn, mál nr. S-177/2025.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir skv. dómsúrlausn.

9. **Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2510010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 7. október 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 106. mál.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

10. **Umsögn um áform um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2509119SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. september 2025, um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-154/2025.
11. **Umsögn um drög að landsákvörðuðu framlagi Íslands 2035 til Parísarsamningsins - 2509472SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 23. september 2025, um drög að landsákvörðuðu framlagi Íslands 2035 til Parísarsamningsins, mál nr. S-166/2025.
12. **Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftslagsmál - 2509120SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2025, um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftslagsmál, mál nr. S-97/2025.
13. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 2509482SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 26. september 2025, um áform um breytingu á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, mál nr. S-167/2025.
14. **Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 - 2509351SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 2. október 2025, um frumvarp til fjárlaga, 1. mál.
15. **Umsögn um frumvarp til laga um sýslumann - 2509499SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 7. október 2025, um frumvarp til laga um sýslumann, 111. mál.

Fundi var slitið kl. 10:30

Fundargerð 989. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 14. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Walter Fannar Kristjánsson og Helgi Kjartansson.

Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll og sat Helgi Kjartansson fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 988. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 988. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. október 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Trúnaðarmál - 2509477SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 7. nóvember 2025.

Yfirlögfræðingi falið að vinna að málinu skv. umræðum á fundi.

3. Félagsdómsstefna - launatöfluauki - 2511008SA

Yfirlögfræðingur Sambandsins gerði grein fyrir félagsdómsstefnu vegna launatöfluauka.

4. Hátæknibrennsla - 2509260SA

Lögð fram drög að samningi milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar á Íslandi. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir málinu.

Stjórn fjallaði um samninginn og felur sviðsstjóra stjórnsýslusviðs að setja saman samningsmarkmið og leggja þau fyrir næsta fund.

5. Ráðstefna fyrir ungmennaráð sveitarfélaga - 2509204SA

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá Ungmennaráðstefnu sem haldinn verður 5. desember nk. á Hilton. Ráðstefnan er hluti af viðburðum í kringum 80 ára afmæli Sambandsins.

Í lok fundar þakkaði Rósa kærlega fyrir ánægjulegt og gott samstarf en hún var að sitja sinn síðasta stjórnarfund.

Formaður og annað stjórnarfolk þakkaði henni jafnframt fyrir farsælt samstarf og óskaði henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundi var slitið kl. 09:10

Fundargerð 85. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 24. september kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - aðalfundur 2025 - 2509005SK**
Til umræðu var undirbúningur fyrir aðalfund SSKS sem fer fram miðvikudaginn 1. október kl. 11:30-13:00.
Samþykkt var að halda aðalfund samtakanna miðvikudaginn 1. október kl. 11:30-13:00 og var starfsmanni samtakanna falið að senda út fundarboð á aðildarsveitarfélög.
- 2. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - ársreikningur 2024 - 2509003SK**
Ársreikningur 2024 var tilbúin til samþykktar fyrir aðalfund 2025.
Ársreikningur samþykktur með áorðnum breytingum.
- 3. Tillögur að breytingum á samþykktum SSKS - 2509004SK**
Til umræðu voru tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum SSKS.
Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að breytingum á samþykktum SSKS og að þær verði teknar til umfjöllunar á aðalfundi.
- 4. Skilgreining á mörkum dreifbýlisgjaldskrár vegna dreifingar raforku - 2509006SK**
Til umræðu voru drög að bréfi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra vegna skilgreiningar á mörkum dreifbýlisgjaldskrár vegna dreifingar raforku.
Stjórn samþykkir bréfið og felur starfsmanni samtakanna að koma bréfinu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Fundi var slitið kl. 09:00

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Kæra bæjarstjórn,

Ég tilkynni hér með formlega ákvörðun mína um að segja mig úr fræðslunefnd Snæfellsbæjar.

Að vandlega athuguðu máli hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ég geti ekki lengur sinnt þeim verkefnum og skyldum sem starfið krefst og vil því víkja sæti.

Ég vil þakka fyrir traustið og tækifærið til að taka þátt í þessu mikilvæga starfi og óska nefndinni velfarnaðar í áframhaldandi verkefnum.

Ægir Ægisson

18.11.2025

Ólafsvík

Ólafsvík 24. nóvember 2025

Snæfellsbær
b.t. Lilju Ólafardóttir
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Ég undirrituð sæki um niðurfellingu á húsaleigu á Félagsheimilinu Klifi 28. desember nk. vegna jólaballs.

Fyrir hönd
Lionsklúbbsins Ránar
Lionsklúbbs Nespinga
Kvenfélags Hellissands og
Kvenfélags Ólafsvíkur

Kristjana Hermannsdóttir



Outlook

Orkubaugur - Minnisvarði um Jules Verne

From Jon Joel Einarsson <jojo@jonjoel.net>

Date Thu 11/13/2025 3:50 PM

To Snæfellsbær <snb@snb.is>

Cc Heimir Berg Vilhjálmsson <heimir@snb.is>

4 attachments (10 MB)

ORKUBAUGUR_SLIDE_Icelandic.pdf; Margrét Björk Björnsdóttir - Svar 13. okt. 2025.docx; Svar stjórnar svæðisgarðs - Jón Jól.docx; Kristinn Jónasson - Svar við Jules Verne.docx;

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Vinsamlega takið erindi þetta fyrir á næsta fundi

Ég skrifa ykkur hér varðandi verkefnið Orkubaugur (sjá uppl. í viðhengi), listrænt og menningarlegt verkefni sem á uppruna sinn hér á Snæfellsnesi.

Verkefnið er innblásið af verkinu **Ferðin að miðju jarðar** eftir Jules Verne, en sagan hans setur innganginn að kjarna jarðar efst á Snæfellsjökli.

Markmiðið er að skapa táknrænt minnismerki sem fagnar tengslum landa okkar, anda landkönnunar og sögulegum tengslum menningarheima.

Verkið var hannað af Gerhard König (þýskum listamanni sem bjó og starfaði á Snæfellsnesi og víðar á Vesturlandi) og mér sjálfum og er nú að mótask í franskt-íslenskt samstarf, með hugsanlegum stuðningi samstarfsaðila í Frakklandi (franska sendiráðið, Alliance Française og menningarstofnana eins og Jules Verne-safnið í Nantes).

Við erum hér að leita eftir formlegum stuðningi og þátttöku Snæfellsbæjar til að tryggja að verkefnið verði rótgróið í samfélaginu - menningarlega, landfræðilega og táknrænt.

Markmið verkefnisins eru:

- Að fagna einstakri arfleifð Snæfellsjökuls og bókmenntalegri, náttúrulegri og andlegri þýðingu hans.
- Að skapa nýjan menningarlega áhugaverðan stað fyrir bæði íbúa og gesti og styðja við ferðapjónustu og menntun á staðnum.
- Að styrkja menningartengsl milli Íslands og Frakklands með list, bókmenntum og landkönnun.

Við erum ekki að óska eftir fjárhagslegum stuðningi á þessu stigi.

Við óskum eftir fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn verkefnisins og skriflegri viðurkenningu sem staðfestir þátttöku Snæfellsbæjar þannig að tryggt sé að verkefnið sé velkomið og í meginatriðum samræmist gildum menningar- og ferðapjónustu svæðisins.

Slík stuðningsyfirlýsing myndi hjálpa okkur mjög að halda áfram með frönskum stofnunum og

hugsanlegum styrktaraðilum og myndi tryggja að verkefnið haldist tengt raunverulegu aðsetri sínu: Snæfellsnesi.

Ég mun með ánægju útvega frekari efni um verkefnið eða kynna það stuttlega á næsta fundi sveitarstjórnar, ef þið teljið það gagnlegt.

Vísa einnig til samskipta sem ég hef átt við fjölmarga á Snæfellsnesi og á Vesturlandi um verkefnið. Helstu niðurstöður úr þeim samskiptum koma fram hér í viðhengjum.

Með kærri kveðju

Jón Jól

s. 695 9995

From: Saga Guðmundsdóttir <saga.gudmundsdottir@samband.is>
Sent: miðvikudagur, 26. nóvember 2025 11:31
Cc: Sigurjón Andrénsson; Gylfi Ólafsson
Subject: Niðurstaða stýrihóps um eignarhlut sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum

Góðan dag.

Eins og ykkur er kunnugt um var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þann 19. mars 2025 um að ábyrgð á fjármögnun vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila flyttist alfarið til ríkisins frá og með 1. júlí 2025. Jafnframt áttu hjúkrunarheimili í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga að flytjast yfir til ríkisins eigi síðar en 1. janúar 2026.

Rétt er að árétt að samkomulagið og lögin taka ekki til leiguleiðarheimila, heldur var þeim haldið fyrir utan samkomulagið.

Stýrihóp skipuðum fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, var falið að fara yfir hvaða eignarhlutir sveitarfélaga féllu undir ákvæðið í 2. gr. laganna.

Fyrir hönd sveitarfélaga sátu í hópnum:

- Sigurjón Andrénsson, bæjarstjóri Hornafjarðar,
- Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar,
- Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Stýrihópurinn hefur nú lokið vinnunni og niðurstaðan er eftirfarandi.

1. Hjúkrunarheimili í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélags (yfirleitt 15% eignarhlutur sveitarfélags)

- Eignarhlutur sveitarfélags færist yfir til ríkisins.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun senda viðkomandi sveitarfélögum afsal á næstu dögum.
- Engin greiðsla fer fram fyrir afsalaðan eignarhlut.
- Afhending eignar fer fram 1. janúar 2026.
- Ríkissjóður tekur við allri ábyrgð á ástandi, viðhaldi og endurbótum frá þeim tíma.
- Ef eignin verður síðar nýtt í annað en hjúkrunarþjónustu verður sveitarfélögum heimilt að innheimta lóðaleigu sem og skatta og gjöld í samræmi við nýja notkun á eigninni.
- **Hérna undir falla hjúkrunarheimilin Móberg (svf. Árborg), Hrafnista Sléttuvegi og Mörk (Reykjavík), Lundur (Rangárþing ytra og Ásahreppur), Hulduhlíð og HSA Neskaupsstað (Fjarðabyggð), Hlíð (Akureyri), Víðihlíð (Grindavík), HSN (Húnabyggð), HSN (svf. Skagafjörður), Hornbrekka (Fjallabyggð) og HSN (Norðurþing).**

2. Hjúkrunarheimili í meirihlutaeigu sveitarfélags (ríkið fjármagnaði aðeins hluta í viðbyggingu)

- Þar sem ríkið tók aðeins þátt í viðbyggingu verður gengið til samninga milli ríkis og sveitarfélags um eldri hluta hússins.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun greiða sveitarfélaginu fyrir eignarhlut sveitarfélagsins í eldri hlutanum sem tekur mið af ástandi eignarinnar. Hafiði í huga að hér er ekki endilega um háar fjárhæðir að ræða.
- **Sveitarfélög þar sem svona er ástatt um eru Snæfellsbær (vegna Jaðars), Fjarðabyggð (vegna Uppsala), Langesbyggð (vegna Nausts) og Skaftárhreppur (vegna Klausturhóla) og mögulega Ísafjarðarbær (vegna Tjarnar).**

3. Hjúkrunarheimili sem voru í byggingu þann 1. júlí 2025

- Sveitarfélög fá uppgjör fyrir sinn eignarhlut sem tekur mið af fjárhagslegri þátttöku sveitarfélagsins frá gildistöku samkomulagsins.
- **Þetta eru hjúkrunarheimilin Skjólgarður í svf. Hornafirði, Boðaping í Kópavogi og Nesvellir í Reykjanesbæ.**

Endilega hafið samband ef eitthvað er óskýrt eða ef spurningar vakna.

F.h. stýrihópsins,



Saga Guðmundsdóttir

Aðalhafþingur

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)

Reykjavík, 13. nóvember 2025

UMFÍ


B.t. Sveitarfélaga

ÁSKORANIR OG HVATNINGAR FRÁ ÞINGI UMFÍ

Á 54. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Fosshóteli í Stykkishólmi 10. - 12. október, var samþykkt eftirfarandi:

- Að skora á ríki og sveitarfélög, að efla lýðheilsu þjóðarinnar með því að hrinda af stað þjóðarátaki í lýðheilsu og forvörnum, þar sem kraftar íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar verða nýttir til fulls. Áhersla skal lögð á að styrkja þátttöku og aðstöðu fyrir: íþróttir barna og ungmenna, hreyfingu og íþróttastarf fullorðinna, heilsueflandi æfingar fyrir eldri borgara og aukna fræðslu í tengslum við forvarnir.
- Að skora á ríki og sveitarfélög að taka nú þegar upp samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi, varðandi starfsumhverfi hennar, m.a. fjármálaumhverfi, starfsumhverfi, lagalegt umhverfi o.fl.

Með ungmennafélagskveðju,



Jóhann Steinar Ingimundarson
Formaður UMFÍ



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Berist til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Snæfellsbæ, 10. nóvember 2025
2412010VHK

Efni: Landnotkunarreitir F-1 og F-2 á Hellissandi

Á 196. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 30. október 2025 átti sér stað umræða um landnotkunarreitna F-1 og F-2 á Hellissandi. Nefndin óskar eftir umræðu um skipulagsáform á reitunum og kallar eftir afstöðu bæjarstjórnar varðandi framtíð og notkun svæðanna beggja.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



f.h. umhverfis- og skipulagsnefndar

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa



Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 1. desember 2025

Varðandi: afslátt gatnagerðargjalda

Reglur um afslátt gatnagerðargjalda falla úr gildi 31. desember 2025.

Íhuga þarf hvort ekki sé ástæða til að framlengja reglur um 90% afslátt af gatnagerðargjöldum íbúðarhúsnæðis og 50% afslátt af gatnagerðargjöldum iðnaðarhúsnæðis í þéttbýli norðan Fróðárheiðar til að hvetja til áframhaldandi nýbygginga í sveitarfélaginu.

Bæjarritari

Snæfellsbær



Þriggja ára áætlun
A- og B-hluta stofnana Snæfellsbæjar
2027-2029

Fjárhagsáætlun fyrir rekstur 2027 til 2029

Í þúsundum króna	Samantekinn sveitarsjóður					Samantekinn A og B hluti				
	2025	2026	2027	2028	2029	2025	2026	2027	2028	2029
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs	1.887.500	2.122.000	2.196.000	2.273.000	2.353.000	1.887.500	2.122.000	2.196.000	2.273.000	2.353.000
Framlög úr Jöfnunarsjóði	752.200	857.800	860.000	860.000	860.000	752.200	857.800	860.000	860.000	860.000
Aðrar tekjur	521.990	559.905	568.000	577.000	586.000	1.383.607	1.527.462	1.550.000	1.573.000	1.597.000
Tekjur samtals	3.161.690	3.539.705	3.624.000	3.710.000	3.799.000	4.023.307	4.507.262	4.606.000	4.705.999	4.809.999
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.584.145	-1.750.940	-1.803.000	-1.857.000	-1.913.000	-1.992.884	-2.179.178	-2.245.000	-2.312.000	-2.381.000
Annar rekstrarkostnaður	-1.339.770	-1.429.000	-1.443.000	-1.457.000	-1.472.000	-1.617.490	-1.725.921	-1.743.000	-1.760.000	-1.778.000
Afskriftir fastafjármuna	-111.745	-93.440	-94.500	-95.500	-96.500	-170.892	-155.001	-156.500	-158.000	-159.500
Rekstrarkostnaður samtals	-3.035.660	-3.273.380	-3.340.501	-3.409.501	-3.481.501	-3.781.266	-4.060.100	-4.144.501	-4.230.000	-4.318.500
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði	126.030	266.325	283.499	300.499	317.499	242.041	447.162	461.499	475.999	491.499
Fjármunatekjur	121.700	103.800	95.000	95.000	95.000	124.648	107.973	100.000	100.000	100.000
Fjármagnsgjöld	-162.500	-133.550	-130.000	-130.000	-130.000	-212.500	-175.169	-170.000	-170.000	-170.000
Handbært fé í lok árs	85.230	236.575	248.500	265.500	282.500	154.189	379.966	391.500	406.000	421.500

Fjárhagsáætlun fyrir efnahag 2027 til 2029

Í þúsundum króna		Samantekinn sveitarsjóður					Samantekinn A og B hluti				
		2025	2026	2027	2028	2029	2025	2026	2027	2028	2029
Eignir											
Fasta fjármunir											
Fasteignir		3.559.000	3.738.500	3.800.000	3.900.000	4.000.000	4.218.500	4.468.000	4.500.000	4.600.000	4.700.000
Veitukerfi		0	0	0	0	0	390.000	390.000	390.000	390.000	390.000
Hafnarmannvirki		0	0	0	0	0	1.100.000	1.200.000	1.250.000	1.300.000	1.350.000
Gatnakerfi		790.000	890.000	900.000	900.000	900.000	790.000	890.000	900.000	900.000	900.000
Áhöld og tæki		213.500	235.500	240.000	240.000	240.000	243.000	279.175	280.000	280.000	280.000
Eignarhlutir í félögum		310.000	307.500	307.500	307.500	370.500	310.045	307.545	307.545	307.545	307.545
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B		771.890	729.000	730.000	730.000	730.000	0	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		5.644.390	5.900.500	5.977.500	6.077.500	6.240.500	7.051.545	7.534.720	7.627.545	7.777.545	7.927.545
Veltufjármunir											
Vöruburgðir		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		170.000	175.000	175.000	175.000	175.000	193.600	201.700	200.000	200.000	200.000
Næsta árs afb. langtímakrafna		85.000	25.000	30.000	30.000	30.000	85.000	25.000	30.000	30.000	30.000
Aðrar skammtímakröfur		40.000	40.000	40.000	40.000	40.000	45.000	45.000	45.000	45.000	45.000
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		110.283	135.000	0	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé		84.265	150.000	150.000	150.000	150.000	73.235	225.000	225.000	225.000	225.000
		489.548	525.000	395.000	395.000	395.000	396.835	496.700	500.000	500.000	500.000
Eignir		6.133.938	6.425.500	6.372.500	6.472.500	6.635.500	7.448.380	8.031.420	8.127.545	8.277.545	8.427.545

Fjárhagsáætlun fyrir efnahag 2027 til 2029

	Samantekinn sveitarsjóður					Samantekinn A og B hluti				
	2025	2026	2027	2028	2029	2025	2026	2027	2028	2029
Í þúsundum króna										
Eigið fé og skuldir										
Eigið fé										
Eigið fé	4.203.338	4.509.400	4.462.500	4.562.500	4.725.000	5.179.750	5.776.240	5.842.545	5.992.545	6.142.545
Eigið fé	4.203.338	4.509.400	4.462.500	4.562.500	4.725.000	5.179.750	5.776.240	5.842.545	5.992.545	6.142.545
Langtímaskuldir og skuldbindingar										
Lífeyrisskuldbindingar	700.000	750.000	800.000	850.000	900.000	751.000	805.000	850.000	900.000	950.000
Langtímalán	800.000	750.000	700.000	650.000	600.000	1.013.000	961.000	950.000	900.000	850.000
	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.764.000	1.766.000	1.800.000	1.800.000	1.800.000
Skammtímaskuldir										
Viðskiptaskuldir	90.000	70.000	70.000	70.000	70.000	107.500	85.000	85.000	85.000	85.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	215.600	193.000	190.000	190.000	190.000	253.300	231.700	225.000	225.000	225.000
Aðrar skammtímaskuldir	125.000	153.100	150.000	150.000	150.000	143.830	172.480	175.000	175.000	175.000
	430.600	416.100	410.000	410.000	410.000	504.630	489.180	485.000	485.000	485.000
Skuldir og skuldbindingar	1.930.600	1.916.100	1.910.000	1.910.000	1.910.000	2.268.630	2.255.180	2.285.000	2.285.000	2.285.000
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar	6.133.938	6.425.500	6.372.500	6.472.500	6.635.000	7.448.380	8.031.420	8.127.545	8.277.545	8.427.545

Fjárhagsáætlun fyrir sjóðstreymi 2027 til 2029

í þúsundum króna	Samantekinn sveitarsjóður					Samantekinn A og B hluti				
	2025	2026	2027	2028	2029	2025	2026	2027	2028	2029
Rekstrarhreyfingar										
Rekstrarafkoma ársins	85.230	236.575	248.500	265.500	282.500	154.189	379.966	391.500	406.000	421.500
Afskriftir	111.745	93.440	94.500	95.500	96.500	170.892	155.001	156.500	158.000	159.500
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	59.481	75.811	80.000	80.000	80.000	62.265	75.811	80.000	80.000	80.000
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .	125.000	91.800	95.000	95.000	95.000	165.350	126.100	125.000	125.000	125.000
	381.456	497.626	518.000	536.000	554.000	552.696	736.878	753.000	768.999	785.999
Veltufé frá rekstri	14.409	-14.320	-15.000	-15.000	-15.000	29.394	-10.210	-10.000	-10.000	-10.000
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun ...	-49.600	-45.000	-45.000	-45.000	-45.000	-57.930	-49.000	-55.000	-55.000	-55.000
Rekstrartengdar skuldir (lækkun)										
Handbært fé frá rekstri	346.265	438.306	458.000	476.000	494.000	524.160	677.668	688.000	703.999	720.999
Fjárfestingahreyfingar										
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	-272.000	-426.500	-400.000	-400.000	-400.000	-690.500	-743.400	-700.000	-700.000	-700.000
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutur í félögum	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin félög	0	142.890	0	0	0	0	0	0	0	0
	-272.000	-283.610	-400.000	-400.000	-400.000	-690.500	-743.400	-700.000	-700.000	-700.000
Fjármögnunarahreyfingar										
Nýjar langtímaskuldir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímaskulda	-140.000	-115.000	-115.000	-115.000	-115.000	-170.000	-131.000	-130.000	-130.000	-130.000
Framlag ríkissjóðs til hafnargerðar	0	0	0	0	0	164.575	170.000	100.000	100.000	100.000
Viðskiptastaða við eign sjóði B	0	75.155	0	0	0	0	0	0	0	0
	-140.000	-39.845	-115.000	-115.000	-115.000	-5.425	39.000	-30.000	-30.000	-30.000
Lækkun handbærs fjárs	-65.735	114.851	-57.000	-39.000	-21.000	-171.765	-26.732	-42.000	-26.001	-9.001
Handbært fé í upphafi árs	150.000	150.000	264.851	207.851	168.852	245.000	214.000	187.268	145.268	119.268
Handbært fé í lok árs	84.265	264.851	207.851	168.852	147.852	73.235	187.268	145.268	119.268	110.267